Félageldriborgara á Seltjarnarnesi - FEBSEL

Fundargerð

Fundarstaður: Félagsaðstaðaeldriborgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5-7

Fundartími: 16. maí kl. 16.30

Mættir: Krístbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Stefán Bergmann, Inga Hersteinsdóttir, Helgi Hjaltason, Þóra Einarsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir, semritaðifundargerð.

Fundarefni:

1. Formaður setur fundinn og reifar dagskrá.

2. KÓ og SÓ gera grein fyrir landsfundi LEB sem þær sátu fyrir okkar hönd. Málefnanefndir fjölluðu um launamál og kjör og svo lagabreytingar. Tillaga okkar um að félög með færri en 300 félaga fái fleiri en einn fulltrúa var samþykkt, enda mættu aðalfundir LEB vel vera fjölmennir. Stjórn LEB hefur rætt við alla þá er launamál og kjör aldraðra varða, en árangur lítill.

3. Gönguferðir á vegum FEBSEL og Gróttu byrja vel og mælast vel fyrir. Fjölgun er nokkur í félaginu sem nú telur 160 félagsmenn. Velt vöngum yfir hvert sé hlutverk Gróttu í gönguhópnum og hvað það komi til með að vera. Óljóst er um framhald Janusaverkefnisins á Nesinu og þar með um hlutverk Gróttu í starfi með öldruðum. Námskeið og fundir á vegum ÍSÍ og LEB eru framundan,-Bjartur lífsstíll. Vel kynnt á netinu.

4. Snjalltækjanámskeið er næstu tvær vikur. KÓ og RH hafa sótt námskeiðið og eru ánægðar.

5. Rætt um húsnæðismál. Kallað er eftir stefnu í húsnæðismálum fyrir eldra fólk í bæjarfélaginu. Ástæða er talin til að halda opinn fund um húsnæði og skipulag, og mætti tengja þar inn hugmydnir sem ræddar hafa verið áður um að fá umræðu um lýsingar og um áhrif hins byggða umhverfis á líðan. Ef af þessu yrði væri gott að bjóða bæjarstjórn til þess fundar.

6. Rætt mikilvægi þess að heilsugæslan mæti á fundi Öldungaráðsins, en á því hefur verið misbrestur.

7. Gert er ráð fyrir að funda áfram hálfsmánaðarlega,- en þó að hafa fundahlé yfir sumarið.

8. Rætt um mikilvægi góðs upplýsingaflæðis. Við þurfum að skoða hvernig á að skipa í Öldungaráðið. KÓ upplýsir að skv. reglum um Öldungaráðið beri stjórn að tilnefna fulltrúa sína. Lagt til að fundargerðir verði sendar út til umsagnar eins og verið hefur en síðan lagðar fram til formlegrar samþykktar á fundum.

Ákveðið að næsti fundur verði 30. maí.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.17.45

Ragnheiður Haraldsdóttir

fundarritari